

sbr. 95. gr. l. 85/1936, og ber því af þeim sökum að vísa máli þessu frá dómi ex officio. Málskostnaður fellur niður“.

Ekki verður með vissu ráðið af vottorði stefnuvotta, að stefnubirting fullnægi ákvæðum 1. mgr. 95. gr., sbr. 2. mgr. 96. gr. laga nr. 85/1936. Ber því að staðfesta hina kærðu dómsathöfn.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Það athugast, að óheimilt var að höfða mál þetta sem áskorunarmál samkvæmt 1. gr. laga nr. 49/1968.

D ó m s o r ð :

Hin kærða dómsathöfn er staðfest.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 18. júní 1976.

Nr. 88/1974. **Tímaritið Skák**

(Benedikt Blöndal hrl.)

gegn

Ingólfsprenti h/f

(Sigurður Ólason hrl.).

D ó m e n d u r :

hæstaréttardómararnir Magnús P. Torfason, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Legi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Skuldamál. Samdómendur. Hafning gagnsakar.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi skaut máli þessu fyrst til Hæstaréttar með stefnu 1. apríl 1974. Það mál féll niður vegna útvistar áfrýjanda 3. maí s. á., en áfrýjað var að nýju 6. s. m. með heimild í 36. gr. laga nr. 75/1973. Dómkröfur áfrýjanda cru aðallega þær, að hinn áfrýjaði dómur og öll meðferð málsins í héraði frá og með þinghaldi 26. nóvember 1973 verði ómerkt og

málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dóms-
álagningar að nýju. Til vara krefst áfrýjandi þess, að hann
verði sýknaður af kröfum stefnda. Bæði í aðalkröfu og vara-
kröfu krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæsta-
rétti úr hendi stefnda. Til þrautavara krefst áfrýjandi þess,
að kröfur stefnda verði lækkaðar og málskostnaður felldur
niður.

Stefndi krafðist í upphafi frávísunar málsins frá Hæsta-
rétti, en hann hefur fallið frá þeirri kröfu og krefst þess nú,
að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og honum dæmdur
málskostnaður fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Vegna ómerkingarkröfu áfrýjanda og frávísunarkröfu
stefnda fór fram sérstakur málflutningur um formhlið máls-
ins, sbr. 48. gr. laga nr. 75/1973, en að honum lóknum var
ákveðið, að málið skyldi einnig flutt um efnishlið, áður en
dómur gengi um formhlið.

Kröfu sína um ómerkingu og heimvísun byggir áfrýjandi
á því, að ýmsir gallar séu á málsmeðferð sjó- og verslunar-
dóms Reykjavíkur. Er það fyrst, að héraðsdómari hafi einn
setið í sjó- og verslunardómi, en eigi kvatt til dómsetu með
sér sjó- og verslunardómsmenn, þegar málið var tekið fyrir
5. nóvember 1973, 26. nóvember s. á. og 14. janúar 1974, en
í síðastgreindu þinghaldi var málið dómtekið. Þá hafi við
þinghöld þessi eigi verið nema einn þingvottur. Þetta var að
vísu andstætt 201., 205. og 41. gr. einkamálalaga nr. 85/1936
og er aðfinnsluvert, en ekki verður þó héraðsdómurinn
ómerktur af þeirri ástæðu.

Þá er það fært fram til stuðnings ómerkingarkröfu áfrýj-
anda, að meðdómsmenn í héraði hafi ekki verið rétt valdir,
þar sem þeir hafi ekki verið úr hópi þeirra manna, sem skip-
aðir voru sjó- og verslunardómsmenn í Reykjavík 1. júlí
1970 í samræmi við 201. gr. laga nr. 85/1936. Meðdómsmenn
í sjó- og verslunardómi ber að vísu að velja úr hópi hinna
skipuðu sjó- og verslunardómsmanna í þinghánni, ef þeirra
er kostur. Samkvæmt niðurlagsákvæði nefndrar 201. gr. er
héraðsdómara heimilt að nefna til meðdómsmenn til með-
ferðar einstaks máls, þegar svo stendur á, sem í ákvæði þessu

segir. Þykir ekki næg ástæða til að ómerkja héraðsdóminn af framangreindri ástæðu.

Þá hefur lögmaður áfrýjanda haldið því fram, að lögmaður sá, er fór með mál áfrýjanda í héraði, hafi haft lögmæt forföll, er málið var dómtekið 14. janúar 1974, og tilkynnt héraðsdómara það stuttu síðar. Hafi héraðsdómara því borið að endurupptaka málið að kröfu hans samkvæmt 3. mgr. 118. gr. laga nr. 85/1936. Ekki hefur þó verið sannað, að lögmaður áfrýjanda hafi haft lögmæt forföll í umrætt sinn, og verður ómerkingarkrafan því ekki heldur tekin til greina af þessari ástæðu.

Það athugast, að rétt hefði verið að hefja gagnsök í héraði með sérstökum dómi.

Með tilvísun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann. Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur sjó- og verslunardóms Reykjavíkur 1. febrúar 1974.

Mál þetta, sem dómtekið var 14. janúar sl., hefur Ingólfsprent h/f, Skipholti 70, Reykjavík, höfðað með stefnu, birtri 14. mars 1973, fyrir sjó- og verslunardómi Reykjavíkur gegn tímaritinu Skák, Reykjavík, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 272.543.40 ásamt 7% ársvöxtum frá 25. janúar 1973 til greiðsludags og til greiðslu málskostnaðar eftir mati réttarins.

Með gagnstefnu, þingfestri 27. apríl 1973, gagnstefndi Jóhann Þórir Jónsson f. h. tímaritsins Skákar Ingólfsprenti h/f til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 400.000 með 7% ársvöxtum frá 1. október 1973 til greiðsludags auk málskostnaðar.

Í aðalsök hefur stefndi lýst því yfir, að hann bjóðist til að greiða kr. 148.500 sem lokagreiðslu fyrir verk stefnanda við einvígisútgáfu tímaritsins Skákar, enda komi til skuldajafnaðar þar á móti sú fjárhæð, sem dómurinn kann að dæma honum í skaðabætur frá stefnanda í gagnsök.

Mál þetta var þingfest 23. mars 1973. Lögmaður stefnda fékk

fresti til greinargerðar til 27. apríl 1973, en þá var lögð fram af hálfu stefnda gagnstefna og greinargerð. Lögmaður stefnanda fékk síðan fresti til þess að skila greinargerð í gagnsök til 25. maí 1973. Þá var málinu frestað um óákveðinn tíma til gagnaðöflunar. Undirritaður dómsformaður fékk málið til meðferðar 1. október 1973 og tók málið fyrst fyrir 22. október 1973 og leitaði um sáttir með málсаðiljum án árangurs, og var málinu þá frestað til 5. nóvember 1973, og skyldi þá fara fram yfirheyrsla kl. 1330. Þann dag kl. 1355 mætti í réttinum Haukur Bjarnason héraðs-dómslögmaður vegna Sigurðar Gizurarsonar hæstaréttarlögmanns, lögmanns stefnda, og óskaði eftir því, að málinu yrði frestað. Ingólfur Ólafsson hafði mætt með lögmanni stefnanda til þess að gefa aðiljaskýrslu. Lögmaður stefnanda samþykkti, að málinu yrði frestað, og var ákveðin fyrirtekt í því mánudaginn 26. nóvember 1973, og skyldi þá fara fram yfirheyrsla. Þann dag kom Ingólfur Guðjón Ólafsson, prentsmiðjustjóri Ingólfsprents h/f og prókúruhafi fyrirtækisins, fyrir dóm til yfirheyrslu. Síðan var málinu frestað til mánudagsins 14. janúar sl., og skyldi þá fara fram yfirheyrsla. Þá er málið var tekið fyrir þann dag, var ekki mætt af hálfu stefnda, og var málið dómtekið að kröfu lögmanns stefnanda samkvæmt 118. gr. laga nr. 85/1936.

Þá er málið var dómtekið að kröfu lögmanns stefnanda, féll hann frá kröfu um málskostnað í gagnsök, en gerði að öðru leyti sömu kröfur og greindar eru í stefnu og greinargerð í gagnsök.

Þar sem ekki var mætt af hálfu gagnstefnanda við fyrirtöku málsins 14. janúar sl., þá ber samkvæmt 1. og 5. mgr. 118. gr. laga nr. 85 frá 1936 að hefja gagnsökin.

Verður þá tekin afstaða til krafna aðilja í aðalsök.

Stefnandi lýsir málavöxtum á þá leið, að á sumrinu 1972 hafi stefnandi prentað 23 blöð af aukaútgáfu Skákblaðsins fyrir tímaritið Skák, Reykjavík, og látið í té pappír o. fl. Aukaútgáfa þessi hafi greint frá heimsmeistaraeinviginu í skák, sem haldið var í Reykjavík frá því um mánaðamótin júní—júlí og fram í september 1972. Hafi efni og þjónusta vegna pappírs og prentunar o. fl. tuttugu og tveggja fyrstu blaðanna verið greidd án fyrirvara. Tuttugasta og þriðja tölublaðið hafi verið mótttekið án athugasemda af hálfu stefnda, en reikningur hafi af stefnda verið talinn of hár þrátt fyrir boð um 10% staðgreiðsluafslátt. Hafi því verið óskað verðlagningar verðskrárnefndar Prentiðnaðarins á vinnu og efni stefnanda vegna 23. tölublaðsins og vegna efnis og vinnu við skákborðsarkir, sem stefnandi hafi prentað fyrir stefnda.

Niðurstaða verðskrárnefndar hafi orðið sú, að rétt verðlagning fyrir 23. tölublaðið væri kr. 218.507.20 og fyrir skákborðsarkir kr. 17.040.30, og sé krafa stefnanda í stefnu þessari miðuð við það. Stefndi geri einnig reikning vegna tjóns vegna brigða á samkomulagi, sem gert hafi verið milli stefnanda og stefnda, meðan á prentuninni stóð. Samkomulagið hafi verið þess efnis, að stefndi skyldi skila svonefndum „fyrri formum“ af skákblaðinu eigi síðar en kl. 1700 daginn áður en blaðið skyldi koma út. Stefndi hafi ekki staðið við samkomulag þetta og hafi „fyrri formar“ jafnan verið afhentir allt of seint. Stundum ekki undir kl. 2000 eða jafnvel síðar. Vegna þess hraða sem hafi þurft að vera á prentuninni og þar sem ekki hafi verið vitað, hvenær búast mætti við „fyrri formunum“, hafi prentvélin verið höfð til reiðu kl. 1700 og beðið hafi verið eftir því, að hafist gæti prentun skákblaðsins. Prentvélin, stór offsettvél, hafi því staðið notkunarlaus á meðan. Lágmarkspóknun fyrir slíka vél sé kr. 1.500 pr. klst., meðan henni sé haldið til reiðu. Gert sé ráð fyrir, að brigð á samkomulagi hafi átt sér stað átján sinnum eina klukkustund á dag, sem af stefnanda sé talið varlega áætlað. Nemi reikningur stefnanda af þessum ástæðum kr. 27.000. Loks hafi stefndi látið ritstjórn skákblaðsins í té aðstöðu í húsakynnum stefnanda, meðan á prentun blaðsins stóð, eða nokkuð á þriðja mánuð. Hafi aðstaðan verið afnot af húsnæði og húsgögnum á skrifstofu stefnanda ásamt ljósi og hita auk verulegra afnota af síma stefnanda. Sé áskilin kr. 10.000 þóknun fyrir þessa aðstöðu.

Stefndi hafi verið krafinn um greiðslu á reikningunum, en hafi ekki greitt þá, en ekki gert athugasemdir nema við fjárhæð fyrst talda kr. 218.507.20 reikningsins.

Þá er Ingólfur Guðjón Ólafsson, prentsmiðjustjóri stefnanda, kom fyrir dóm til yfirheyrslu 26. nóvember sl., staðfesti hann málavaxtalýsingu í stefnu sem rétta að öðru leyti en því, að húsnæði það, sem stefndi hafi látið stefnda í té, hafi verið kaffistofa og vinnusalur, en ekki skrifstofa.

Ingólfur bar, að ekki hafi verið samið um verð, en komið hafi til tals hjá málsaðiljum, að stefndi annaðist fyrir stefnda prentun á tímaritinu Skák, almennu útgáfunni, en áður hafi prentsmiðjan Hólar annast þá prentun fyrir stefnda og hafi stefndi greitt prentsmiðjunni Hólum kr. 58.000 fyrir hvert blað og hafi það verið miðað við staðgreiðslu. Þessar upplýsingar sagðist Ingólafur hafa frá fyrirsvarsmanni stefnda. Almenna útgáfan af tímaritinu Skák hafi gefið út jafnstór blöð og þessi blöð, sem

komu út í tilefni af heimsmeistaraeinvíginu. Fyrstu þrjú blöðin af þessari aukaútgáfu hafi stefnandi verðlagt á kr. 58.000 og hafi hann þá miðað við staðgreiðslu. Fjárhæðum þessara reikninga hafi ekki verið mótmælt, en greiðsla frá stefnda hafi ekki borist á tilsettum tíma. Stefndi hafi þá boðið stefnanda að greiða þrjú fyrstu blöðin með víxli. Því hafi stefnandi hafnað, en svo hafi orðið samkomulag með málsaðiljum þess efnis, að stefndi greiddi aukavinnu setjara, en setjarinn sé jafnframt í ritstjórn blaðsins. Stefndi hafi lofað að staðgreiða blaðið eftirleiðis með, að því er Ingólf minnti, kr. 47.500 fyrir hvert blað og jafnframt að afhenda „fyrri forma“ fyrir kl. 1700 daginn áður en blaðið skyldi prentast. Samkomulag þetta hafi verið með því skilyrði, að blaðið yrði áfram 16 síður að stærð og ekki yrðu gerðar breytingar á stærð blaðsins. Þá er samkomulag þetta hafi verið gert, hafi prentsmiðjustjóri stefnanda samþykkt að taka við sem greiðslu fyrir fyrstu blöðin þrjú víxil, sem skyldi falla eftir lok einvígisins. Jón Kristinsson, gjaldkeri í Búnaðarbankanum, hafi átt að annast greiðslur til stefnanda og hafi hann greitt öll blöðin fram að 23. blaði og jafnframt víxilinn vegna fyrstu þriggja blaðanna. Þá er prentsmiðjustjórinn krafði Jón Kristinsson um greiðslu vegna 23. blaðsins, hafi hann talið, að 23. blaðið væri utan þess samkomulags, sem gert hafi verið, og hafi Jón talið sig þegar vera búinn að greiða það, sem hann hafi verið beðinn um að greiða. Jóhann Þórir Jónsson, framkvæmdastjóri og aðaleigandi stefnda, hafi verið erlendis á þessum tíma og hafi prentsmiðjustjóri stefnanda beðið, þar til framkvæmdastjórinn kom heim, og þá sent honum reikninginn yfir 23. blaðið. Blað þetta hafi verið 48 síður að stærð, þar af hafi 16 síður verið litprentaðar. Byrjað hafi verið að vinna blaðið sem 16 síðna blað, en það hafi að lokum orðið 48 síður. Prentsmiðjustjóri stefnanda sagðist hafa tilkynnt stefnda, áður en byrjað var á 23. blaðinu, að það blað yrði verðlagt í samræmi við verðskrá prentiðnaðarins, og hafi hann beðið um upplýsingar um stærð blaðsins, áður en byrjað var á prentun þess, en það hafi ekki verið upplýst og blaðið hafi allt verið prentað sem innistunga.

Stefnandi annist ekki filmuvinnu og sé það svo með margar prentsmiðjur, að þær annist aðeins prentun og aðrir filmuvinnu og lýsingu á plötum. Hver plata sé sniðin fyrir ákveðna prentvél og láti því prentsmiðjan, sem eigi að prenta, plötu í té til afnota við filmugerðina. Lýsing á plötum og filmuvinna hafi alltaf verið undanþegin samningum málsaðilja og hafi samningar Jóhanns

Þóris um þessi efni verið stefnanda óviðkomandi. Öll blöðin hafi verið að hluta á rússnesku og hafi þetta verið um talað, áður en byrjað var að prenta blaðið. Stefnandi hafi ekki getað annast setningu á rússneska textanum, þar sem prentsmiðjan hafi ekki rússneskt letur, og hafi þessi hluti blaðsins verið vélritaður og svo ljósritaður og minnkaður niður. Hafi verið samkomulag, að málsaðiljar héldu sig við pappírssærðina „Crown“ og henni yrði ekki breytt, en ekki hafi verið samið um, að sama tegund af pappír yrði útveguð í allt blaðið. Stefndi hafi valið þann pappír, sem notaður hafi verið, og hafi hann verið sá ódýrasti á markaðnum, sem til greina kom, og jafnframt sá, sem líkastur hafi verið pappírnum í almennu útgáfunni af tímaritinu Skák. Þegar þessi pappír hafi verið þrotinn hjá heildsala, þá hafi stefndi valið pappír að nýju og hafi sá pappír verið notaður. Prentsmiðjan Oddi hafi boðist til að taka að sér prentun blaðsins og útvega sams konar pappír og notaður hafi verið í upphafi, en það boð hafi stefndi ekki þegið. Útgáfa blaðsins hafi aldrei stöðvast vegna pappírsskorts og ekki heldur tafist þess vegna. Aldrei hafi verið um það samið, hve mörg blöðin yrðu, enda fram tekið í upphafi, að ekki væri hægt að vita, hversu margar einvígisskák-irnar yrðu og þar af leiðandi hversu mörg blöðin yrðu. Í 23. blaði hafi verið notaður tvenns konar pappír, en þrenns konar þykkt. Fyrst hafi blaðið átt að vera 16 síður og hafi þá stefnandi notað sams konar pappír og áður hafi verið notaður, en það var 100 gr. „BORREGÅRD“. Þegar blaðið hafi átt að vera 32 síður, þá hafi aftur verið notuð sama pappírstegund, en af þykktinni 110 gr, en þegar beðið hafi verið um litprentun á 16 síðum í viðbót í fjórum litum, þá hafi stefnandi notað „IKONREX“, en það sé myndapappír og 120 gr. Brot og hefting á þessu blaði, þ. e. 23. blaðinu, hafi stefndi greitt án samráðs við stefnanda, en stefnandi hafi greitt brot og heftingu á hinum blöðunum 22 og hafi prentsmiðjustjóri stefnanda ekki vitað, að blaðið var farið af verkstæðinu, fyrr en eftir að verkstæðisformaður sagði prentsmiðjustjóranum það. Setning á 23. blaði hafi verið önnur, þar sem það blað hafi verið unnið á löngum tíma. Eins og rakið hefur verið, þá sé það, sem skilji 23. blaðið aðallega frá hinum blöðunum, að stærðin er önnur, hluti blaðsins litprentaður. Í upphafi óákveðið, hvað blaðið yrði stórt, lítil sem engin næturvinna, endurgjald fyrir blaðið skyldi vera í samræmi við verðskrá Íslenska prentiðnaðarins og hafi ekki verið samið um það í sambandi við 23. blaðið eins og hin blöðin, að stefndi greiddi sjálfur

fyrir setningu, heldur skyldi blaðið, eins og áður segir, greiðast í samræmi við verðskrána. Einnig hafi í blaði þessu verið fleiri auglýsingar en í hinum blöðunum og flestar þeirra litprentaðar og svo hafi stefndi greitt sjálfur heftingu og brot á blaðinu.

Prentsmiðjustjóri stefnanda sagðist fyrst hafa gert reikning vegna 23. blaðsins. Hafi sá reikningur fyrir mistök sín orðið of lágur. Þann reikning hafi hann fyrst sýnt Jóni Kristinssyni og hann neitað að borga. Síðan hafi prentsmiðjustjórinn krafist framkvæmdastjóra stefnda um greiðslu á þessum reikningi, en hann neitaði að borga, en þá hafi prentsmiðjustjóri stefnanda boðið framkvæmdastjóra stefnda að láta verðskrárnefnd reikna út, hvað stefnanda bæri vegna 23. blaðsins. Það hafi verðskrárnefndin gert og komist að þeirri niðurstöðu, að endurgjaldið skyldi vera kr. 218.507.20.

Af hálfu stefnda hafi aldrei verið kvartað yfir efni eða vinnu við 23. blaðið, heldur hafi það einungis verið verðið, sem kvartað var yfir.

Þegar þeir framkvæmdastjóri stefnda og prentsmiðjustjóri stefnanda ræddu saman vegna prentunarinnar og þessa verkefnis, þá hafi þeir alltaf verið einir og engir vottar viðstaddir. Þá er prentsmiðjustjóri stefnanda óskaði eftir því, að stefndi sneri sér eitthvað annað með prentun blaðsins, en það mun hafa verið eftir 8. blaðið, þá hafi Ingvar Ásmundsson átt tal við prentsmiðjustjórann og beðið hann um að halda áfram prentuninni. Það hafi komið fyrir í önnur skipti, að Ingvar Ásmundsson hafi átt tal við framkvæmdastjóra stefnanda og beðið hann um að halda áfram prentun blaðsins, en á meðan á þessu verkefni stóð, hafi oft orðið óánægja vegna þess, að „fyrri formum“ var ekki skilað á umsömdum tíma. Þá er Ingvar Ásmundsson átti þessi samtöl við prentsmiðjustjórann, hafi engir vottar verið viðstaddir. Þeir Ingvar Ásmundsson, Birgir Sigurðsson og Sæmundur hafi aldrei verið vitni að samræðum prentsmiðjustjórans og framkvæmdastjóra stefnda í sambandi við vinnu og verðlagningu blaðsins.

Samkvæmt reglum Íslenska prentiðnaðarins beri félögum að tilkynna til skrifstofu félagsins um vanskil viðskiptamanna. Verðskrá Prentiðnaðarins falli undir verðlagsákvæði og um leið og verðskrá sé send, þá sé send skrá yfir þá aðilja, sem eru í vanskilum við félag. Stefndandi hafi ekki vald til að stöðva vinnu fyrir stefnda í öðrum prentsmiðjum, það sé á valdi prentsmiðjustjóra í hverri einstakri prentsmiðju að meta það, hvort hann

vilji vinna fyrir aðilja, sem er í vanskilum við aðra félaga í hinum Íslenska prentiðnaði.

1. til 22. tölublað hafi átt að koma út kl. 0800 að morgni daginn eftir hverja einstaka einvígisskák og við þetta hafi alltaf verið staðið af hálfu stefnanda. Vegna þess hve „fyrri formar“ hafi komið seint, þá hafi það oft verið svo, að prentarinn, sem mætti kl. 0600 að morgni til að ljúka við blaðið, svo það gæti verið tilbúið kl. 0800, hann hafi lent á blautum pappír vegna þess, hve skammt var um liðið, síðan fyrri prentun átti sér stað, þannig að það hafi ekki einungis verið peningaspursmál að fá „fyrri formana“ afhenta nógu snemma.

Þegar í upphafi hafi verið talað um verð til stefnanda, þá hafi verið óvíst, hvort af einvígínu yrði og einnig hve skákirnar yrðu margar, og hafi, þar sem þetta allt var svo óljóst, ekki verið hægt að gera verðtilboð. En þegar komið hafi til tals með málsaðiljum, að stefnandi mundi annast prentun á almennu útgáfunni af tímaritinu Skák, þá hafi verið talað um sama verð og stefndi hafi greitt til prentsmiðjunnar Hóla, en það var kr. 58.000 fyrir blaðið. Um þessa fjárhæð hafi verið talað sem grunn, þannig að yrðu breytingar á verðskrá, þá mundi þessi fjárhæð, kr. 58.000, breytast. Ekki sagðist framkvæmdastjóri stefnanda vita, hver hafi verið eintakafjöldi af almennu útgáfunni, en hélt, að það hafi verið svona 1500—1700 eintök. Af heimsmeistaraútgáfunni hafi eintakafjöldinn verið 5000. Við prentunina í prentsmiðjunni Hólum hafi verið notað svokallað „letterprint“, en í Ingólfsprenti hafi verið notað offsetprent, þannig að það sé ekki svo óeðlilegt, að greiða skyldi sömu fjárhæð til stefnanda fyrir svo miklu fleiri eintök en greitt hafi verið til prentsmiðjunnar Hóla, þar sem hluti af verkefninu hafi með þeirri aðferð, sem viðhöfð var í Ingólfsprenti, verið unninn hjá öðrum aðilja og fyrir það hafi stefndi greitt sérstaklega.

Prentsmiðjustjóri stefnanda hafi átt hugmyndina að því að hafa hluta af blaðinu á rússnesku og hafi hann bent framkvæmdastjóra stefnanda á þennan möguleika og hafi hann gert það, strax og þeir fóru að ræða um prentun blaðsins og áður en samið var um verð fyrir blaðið. Offsetprentun hafi gert það mögulegt að hafa hluta blaðsins á rússnesku. Ekki gat prentsmiðjustjórinn svarað því, hvort vinna við blaðið hafi orðið minni við það, að hluti blaðsins var á rússnesku, en það sé hægt að reikna þetta út, en þá er þeir málsaðiljar hafi samið um, að stefnandi tæki að

sér prentun blaðsins, hafi það verið haft í huga, að hluti blaðsins yrði á rússnesku. Prentsmiðjustjórinn hafi ekki reynt að fá prentmyndagerð til að vinna verk það, sem Mydamót vann. Í upphafi hafi bara verið rætt um, að í öll blöðin yrði notuð sama pappírstærð, en ekkert hafi verið um það rætt, að notuð yrði sama tegund. Framkvæmdastjóri stefnda hafi ekki borið fram nein mótmæli, þá er skipt var um pappírstegund. Eftir 9. blað hafi prentsmiðjustjóri stefnanda óskað eftir því, að stefndi sneri sér eitthvað annað með prentun blaðsins. Ástæðan fyrir þessari ósk stefnanda hafi verið sú, hve stefndi skilaði seint „fyrri formum“. Prentsmiðjan Oddi hafi boðist til að taka að sér verkið, en ekki sagðist prentsmiðjustjórinn vita, hvers vegna stefndi þáði það ekki.

Prentsmiðjustjóri stefnanda sagði, að hann hefði sagt setjaranum, Birgi Sigurðssyni, að ef hann færi að vinna í Prentsmiðjunni Odda fram á nótt og annan hvern dag, þá yrði framkvæmdastjóri stefnanda að ráða sér annan setjara, en stefnandi hafði bara einn setjara.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að upphaflega hafi verið samið um prentun einvígisútgáfu tímaritsins Skákar. Upphaflegt tilboð stefnanda hafi numið kr. 60.000. Vegna breytinga á verkinu hafi verkefni stefnanda minnkað um 33% varðandi lesmál, eða um 15%, þegar auglýsingar voru með teknar. Þriðjungur verksins við lesmálið hafi því næst færst til Mydamóta h/f (rússneski textinn). Þrátt fyrir athugasemdir stefnda hafi stefnandi knúið fram sama verð fyrir verkið og áður þrátt fyrir þessa minnkun þess. Að sögn framkvæmdastjóra stefnda hafi framkvæmdastjóri stefnanda fært sér í nyt þá aðstöðu, að stefndi var honum mjög háður, þar sem einvígisblöðin þurftu að koma út daginn eftir hverja einvígisskák. Telji stefndi atferli framkvæmdastjóra stefnanda falla undir 7. gr. laga nr. 58/1960 og 253. gr. laga nr. 19/1940. Framkvæmdastjóri stefnda hafi mótmælt ágangi framkvæmdastjóra stefnanda, á meðan á verkinu stóð, en án árangurs, og hafi stefndi orðið að sætta sig við þá afarkosti eða biða gífurleg skakkaföll og fjárhagstjón ella.

Brot stefnanda á samningi aðilja og þær tilslakanir, sem stefnandi hafi fengið með misbeitingu framgengt gagnvart stefnda, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1960 og 253. gr. laga nr. 19/1940, hafi verið jafnölögleg og ógild, hvort sem stefndi hafi gert fyrirvara eða athugasemdir við greiðslu eða móttöku. Samningsbrot stefnanda

standi eftir sem áður og varpi ljósi á, hversu ósanngjörn og fjarstæð sú kröfugerð er, sem hann fari nú af stað með á hendur stefnda fyrir dómstólum.

Með reikningi sínum fyrir síðasta tölublaðið hafi stefnandi brotið gegn samningi um verð á prentun einvígisblaðanna.

Af hálfu stefnda er því mótmælt, að nokkuð samkomulag hafi verið gert á milli málsaðilja um það, hvenær afhenda skyldi „fyrri forma“. Hafi eitthvert samkomulag verið gert um það efni, muni það hafa verið á milli Myndamóta og Ingólfsprents h/f, en ekki annarra. Stefnandi hafi nánast alltaf vitað kl. hvað „fyrri formar“ áttu að koma, og hafi hann getað hagað notkunar prentvélar sinnar í samræmi við það. Stefnandi hafi ekki gert stefnda reikning fyrir leigu á hinni notkunarlausu prentvél, um leið og hann gerði reikning fyrir hvert tölublað, og heldur hafi hann ekki gert neinar athugasemdir við stefnda um þetta efni. Sama máli gegni um reikning stefnanda fyrir leigu á húsnæði og húsgögnum á skrifstofu stefnanda ásamt ljósi og hita, að fjárhæð kr. 10.000. Hér sé um tilbúning að ræða. Stefnandi hafi rofið upphaflegan samning málsaðilja í tveim meginatriðum, en það er: a) Stefnandi hafi rofið það samningsatriði að taka við greiðslu fyrir hvert tölublað með víxli og hafi í staðinn krafist staðgreiðslu, eftir að 3. tölublað var komið út. b) Stefnandi hafi ekki getað útvegað pappír af sömu tegund fyrir öll tölublöðin. Aðeins fyrstu 8 tölublöðin voru prentuð á umsaminn pappír. Eftir það hafi blöðin verið prentuð á allt öðruvísi pappír, sem ekki hafi verið nærri eins hæfur til útgáfu einvígisblaðanna.

23. tölublað hafi fallið undir upphaflegan samning um verkið og endurgjald fyrir það.

Fjárhæðina, kr. 60.000, megi sundurliða þannig:

Tvær plötur til offsetprentunar	kr. 2.000
Næturvinna	— 10.500
Bókbandsvinna hjá Arnarfelli h/f	— 7.500
Prentun Ingólfsprents h/f	— 40.000

Samtals kr. 60.000

Samkvæmt samningi hafi því prentun svart hvítra síðna í 23. tölublaði (tvöfalt) átt að kosta kr. 80.000, þar sem þar hafi ekki verið með taldar plötur til offsetprentunar, næturvinna né bókbandsvinna.

Framkvæmdastjóri stefnda hafi ekki haft neina gjaldskrá til að leggja dóm á reikning stefnanda og sanngirni hans. Reikningur stefnanda að fjárhæð kr. 197.000 hafi verið ósundurliðaður. Með hliðsjón af því verði, sem um hafði verið samið, hafi reikningurinn virst afar ósanngjarn. Framkvæmdastjóri stefnda hafi getað reiknað út verð svarthvítu síðnanna í 23. tölublaði á kr. 80.000 og þá hafi reikningurinn fyrir litprentunina hlotið að vera kr. 117.000. Þegar upphaflegur samningur um verkið var gerður, hafi verið tekið með í dæmið, að hluti af verkinu yrði litprentun. Framkvæmdastjóri stefnda hafi haft fulla ástæðu til að ætla litprentunina verðlagða eftir sömu reglum og svarthvítu síðurnar. Upphaflegur samningur hafi falið í sér, að stefnandi sæi um alla þætti verksins. En verkið hafi dregist saman af ýmsum ástæðum og hafi stefnandi þó haldið sama endurgjaldi með kröfuhörku og óbilgirni. Upphaflega hafi stefnandi ætlað að sjá um allt nema lýsingu inn á plötu. Síðan hafi fallið út eftirtaldir þættir:

a) Þegar til hafi átt að taka, hafi komið í ljós, að stefnandi var ekki fær um að líma blaðið upp og skreyta.

b) Blaðið hafi minnkað um 30% vegna rússneskunnar, að því er varðaði lesmál. Þegar auglýsingar voru teknar með, hafi minnkunin verið 15%.

c) Þegar skriður hafi verið kominn á prentunina, hafi komið í ljós, að varla þurfti að setja eina einustu auglýsingu í prentsmiðjunni, þar sem þær komu allar, eða því sem næst, tilbúnar beint til Myndamóta h/f.

Sérstaklega hafi liðir b) og c) verið stórkostlegur hagur fyrir stefnanda og hefðu átt að gera stefnanda ennþá frekar kleift að standa við sína samninga.

Í ljósi þessa hafi ekki verið nema eðlilegt, að framkvæmdastjóra stefnda þætti reikningurinn að fjárhæð kr. 197.000 fyrir 23. tölublað afar ósanngjarn og óeðlilegur. Hafi hann því beðið stefnanda um að sundurliða reikninginn. Það hafi ekki verið gert, heldur hafi stefnandi leitað til Félags íslenska prentiðnaðarins og beðið umsvifalaust um, að útgáfa Skákar í prentsmiðjunni Hólum h/f yrði stöðvuð.

Framkvæmdastjóri stefnda telji lítið mark vera á verðútreikningi verðskrárnefndar FÍP, sem ekki hafi útvegað sér neina greinargerð frá honum, öðrum deiluaðiljanum, áður en hún lagði úrskurð á málið.

Af hálfu stefnda eru eftirfarandi athugasemdir gerðar við verðútreikning FÍP frá 14. nóv. 1972.

a) Reiknað sé fyrir setningu á auglýsingum og skákuppsetningu kr. 7.972. Stefnandi hafi ekki séð um setningu á auglýsingum. Skákmyndauppsetningin sé í reynd ekki neitt. Það séu 2—3 stöðumyndir í hverju blaði.

b) Umbrot á 32 blaðsíðum. Af hálfu stefnda er því mótmælt á þeirri forsendu, að hann hafi ekki beðið um það. Þeir hafi aðeins brotið blaðið til að flýta fyrir sjálfum sér. Þeir hafi alls ekki þurft þess. Samt sé reiknað kr. 9.280 fyrir umbrot.

c) Afþrykk sé reiknað á kr. 3.160, sem sé fráleitt verð. Hafi það verk tekið í hæsta lagi eina klukkustund.

d) Einkennilegt sé, að reiknað virðist vera með þrenns konar pappír í 23. tölublað.

e) Framkvæmdastjóri stefnda hafi eftir framkvæmdastjóra stefnanda, að taflborðssetning hafi átt að vera innifalin í reikningnum. Telji framkvæmdastjóri stefnda Grétar G. Nikulásson geta vitnað um það. Ef nú þrátt fyrir allt sé gert ráð fyrir, að útreikningur FÍP sé eðlilegur, þ. e. kr. 113.514 fyrir litprentunina, þá hefði stefndi ekki átt að greiða fyrir hana nema ca kr. 85.000 miðað við fyrri afslátt (25%). Heildarreikningur hefði því ekki átt að fara upp fyrir kr. 165.000. Frá þessum kr. 165.000 hefði svo átt að dragast staðgreiðsluafsláttur, kr. 16.500 (10%), sbr. framvísaðan reikning að fjárhæð kr. 197.000, þar sem framkvæmdastjóri stefnanda hafi boðið staðgreiðsluafslátt 10%. Sá afsláttur hljóti eins að hafa verið fyrir hendi, þótt reikningurinn hefði verið réttur. Reikningur miðað við staðgreiðslu hefði því átt að vera kr. 148.500.

Af hálfu stefnda er og tekið fram, að af litprentuninni hafi stefnandi ekkert haft að segja annað en að prenta.

Umrætt verk stefnanda hafi verið umsamið verk fyrirfram. Verðlagning gjaldskrárnefndar FÍP geti því ekki skipt öðru máli en að varpa ljósi á, hversu mikið stefnandi hafi undirboðið gjaldskrá félagsins.

Fram er komið, að stefnandi annaðist fyrir stefnda prentun á aukaútgáfu stefnda vegna heimsmeistaraeinvígisins í skák, sem haldið var í Reykjavík sumarið 1972. Ekki mun hafa verið gerður skriflegur samningur um verk þetta eða endurgjald fyrir það. Aukaútgáfan var 23 blöð. 3 fyrstu tölublöðin munu hafa verið greidd með víxli og 19 næstu munu hafa verið staðgreidd.

Ekkert er fram komið um, að málсаðiljar hafi haft neina fyrirvara, þá er þeir gerðu upp viðskipti sín vegna 22 fyrstu blaðanna,

hvorki að stefndi hefði nokkuð út á verk stefnanda að setja né að greiðslur stefnanda væru inntar af hendi með fyrirvara um, að reikningar væru of háir. Ekki heldur að stefnandi hafi þá krafið stefnda um sérstaka þóknun vegna afnota stefnda af húsnæði hjá stefnanda né þóknun vegna þess, að pretvél hafi staðið notkunarlaus, þar sem stefndi hafi ekki afhent „fyrri forma“ á umsömdum tíma. Verður því talið, að málsaðiljar hafi, áður en til málareksturs þessa kom, gert upp viðskipti sín vegna 22 fyrsu tölublaða af aukaútgáfu stefnda.

Með vísan til þess, sem hér hefur verið rakið, verður krafa stefnanda um kr. 27.000 vegna prentvélarinnar ekki tekin til greina gegn andmælum stefnda. Sama er um kröfu stefnanda að fjárhæð kr. 10.000 vegna afnota stefnda af húsnæði stefnanda.

Til stuðnings kröfuliðum sínum að fjárhæð kr. 218.507.20 fyrir efni og vinnu við 23. tölublað aukaútgáfu stefnda og að fjárhæð kr. 17.040.20 fyrir skákbórðsarkir hefur stefnandi lagt fram útreikning verðskrárnefndar Félags íslenska prentiðnaðarins, dags. 14. nóvember 1972. Ósannað er, að sérstakir verkþættir hafi verið undanskildir varðandi prentun 23. tölublaðsins. Ósannað er, að endurgjaldið fyrir 23. tölublaðið hafi fallið undir upphaflegan samning um verkið og endurgjald fyrir það. Fram er komið, að 23. tölublaðið hafi verið 48 síður, en hin tölublöðin hafi verið 16 síður og enn fremur að öðruvísi hafi verið unnið að prentun blaðsins og hluti blaðsins litprentaður.

Þar sem ósannað er, að málsaðiljar hafi samið um ákveðið endurgjald fyrir 23. tölublaðið, þá þykir verða að leggja til grundvallar útreikning verðskrárnefndar Félags íslenska prentiðnaðarins, sbr. grundvallarreglu 5. gr. laga nr. 39 frá 1922. Sama er um kröfu stefnanda vegna skákbórðsarka, enda hefur þeim kröfulið ekki verið sérstaklega mótmælt.

Samkvæmt framanrituðu verður niðurstaða málsins sú, að stefnda ber að greiða stefnanda kr. 235.547.40 með vöxtum eins og krafist er.

Málkostnaður telst hæfilega ákveðinn kr. 45.000.

Dóminn kváðu upp Auður Þorbergsdóttir borgardómari, dr. Gaukur Jörundsson prófessor og Jóhann J. Ólafsson kaupmaður.

Dómsorð:

Stefndi, tímaritið Skák, greiði stefnanda, Ingólfsprenti h/f, kr. 235.547.40 með 7% ársvöxtum frá 25. janúar 1973 til

greiðsludags og kr. 45.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Gagnsök í máli þessu er hafin.

Þriðjudaginn 22. júní 1976.

Nr. 120/1976. **Flosi Jónsson**

gegn

Rannveigu Höskuldsdóttur.

Dó m e n d u r:

hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Björn Sveinbjörnsson og Þór Vilhjálmsson.

Kærumál. Hjónaskilnaður. Fjárskipti. Úrskurður úr gildi felldur.

Dómur Hæstaréttar.

Þorvarður K. Þorsteinsson, skiptaráðandi á Ísafirði, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Með kæru 4. júní 1976, sem barst Hæstarétti 9. júní, hefur sóknaraðili, Flosi Jónsson, með heimild í 2. tl. 21. gr. laga nr. 75/1973 kært til Hæstaréttar úrskurð skiptaréttar Ísafjarðar 24. maí 1976. Krefst hann þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi og hinni svonefndu kyrrsetningu andvirðis bifreiðarinnar Í 1182 hrundið. Þá krefst hann kærumálskostnaðar. Frá varnaraðilja, Rannveigu Höskuldsdóttur, hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Um fjárskipti vegna hjónaskilnaðar aðilja máls þessa fer eftir VI. kafla laga nr. 60/1972, VII. kafla laga nr. 20/1923 og skiptalögum nr. 3/1878. Samkvæmt 2. mgr. 47. gr. laga nr. 20/1923 og 63. gr. skiptalaga skal skiptaráðandi sjá um, að eignaafnot hvors hjóna bíði ekki meiri tálmun af skiptunum en brýn nauðsyn krefur til, að hag hins verði borgið. Skiptaráðandi hefur tekið í sínar vörslur andvirði bifreiðar, sem sóknaraðili, Flosi, kveður hafa verið hjúskapareign sína.